

**Akureyrarbær**  
**Dalvíkurbyggð**  
**Fjallabyggð**  
**Langesbyggð**  
**Norðurþing**  
**Þingeyjarsveit**

**Akureyri 5. 5. september 2025**

**Efni: Tilraunaverkefni embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um að taka upp fjarstýrða flugdróna til að auka viðbragð lögreglu þar sem löggæsla er ekki mönnuð allan sólarhringinn.**

Síðast liðið vor funduðu fulltrúar embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með fulltrúum sveitarfélaganna í umdæminu þar sem embættið kynnti hugmyndir sínar um vilja til að hefja tilraunaverkefni um notkun fjarstýrðra flugdróna í ákveðnum sveitarfélögum í löggæslutilgangi. Verkefnið felur í sér kaup, uppsetningu og uppbyggingu á löggæsludrónum sem staðsettir verða einkum á þeim svæðum þar sem löggæsla er ekki mönnuð allan sólarhringinn en einnig á Akureyri þar sem umsvifin eru að jafnaði mest. Samtalið fór fram við stjórnendur í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Akureyri, Norðurþingi, Þingeyjarsveit og Langesbygg og var annars vegar óskað eftir því hvort vilji til samstarfs um slíkt verkefni væri fyrir hendi og hins vegar hvort sveitarfélögin gætu komið að stofnkostnaði verkefnisins í samstarfi við embætti lögreglustjóra. Ofangreind sveitarfélög lýstu yfir ánægju með verkefnið og vilja til að koma að því með fjárstuðningi en settu þann fyrirvara á að erindið krefðist umfjöllunar á vettvangi sveitarstjórnanna. Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir síðan en með bréfi þessu er sveitarfélögunum gert kleift að taka erindið fyrir á vettvangi sveitarstjórna eða byggðaráða eftir atvikum.

Markmið verkefnisins er að auka viðbragðsgetu lögreglunnar þannig að lögreglan geti fyrr lagt mat á ástand þegar útköll verða og þannig aukið öryggi almennings og lögreglumanna. Með markvissri uppsetningu sjálfvirkra flugdróna á lykilstöðum á Norðurlandi eystra má byggja upp skilvirkt og tæknimiðað löggæsluumhverfi sem vinnur með lögreglu, en kemur ekki í stað hennar. Tæknin byggir á því að flugdrónum er fjarstýrt einkum frá lögreglustöðinni á Akureyri þar sem mönnun er allan sólarhringinn allt árið um kring. Eftir atvikum er einnig unnt að stýra þeim frá fjarskiptamiðstöð lögreglu í Skógarhlíð.

Lagt er upp með að hefja verkefnið nú í september og hefur verið lögð fram pöntun á sex flugdrónum ásamt dokkum og undirbúningur hafinn að því að útvega þá þjálfun sem krafist er. Þá mun lögreglan einnig tryggja að hýsing gagnanna og vinnsla þeirra falli að lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Áætlað er að verkefnið komi til með að kosta um 30 milljónir króna. Kaup á búnaði fyrst um sinn er áætlaður um 15 milljónir króna.

Vélbúnaðurinn sjálfur kemur frá DJI á Íslandi og er um að ræða „DJI Dock 3“ sem er flugdróni með yfirbyggðu húsi (Dokku), sem ver hann fyrir kulda og regni ásamt því að hlaða hann á milli notkunar. Þá þarf einnig hugbúnað til flugstjórnar, myndstreymis og upptöku sem er af gerðinni „DJI Flighthub 2 on Premises“. Þá þarf að koma upp búnaði og aðstöðu til stýringar flugs á Lögreglustöðinni á Akureyri og þjálfa upp starfsfólk lögreglunnar, en slík flug krefjast réttinda sem veitt eru eftir námskeið sem haldin verða. Þá þarfnast vélbúnaðurinn á hverjum stað aðgengi að ljósleiðara og rafmagni til að fá fulla nýtingu á honum og velja þarf staðsetningu sem hentar fyrir hýsingu hans á hverjum stað fyrir sig. Lagt er upp með að nýta húsnæði lögreglunnar þar sem það er hægt en að öðru leyti hentug húsnæði. Búnaðurinn er útbúinn fullkomnum myndavélum sem streyma myndefni til lögreglu. Myndavélar eru með aðdrætti, náttúru og möguleika til að greina hitaústreymi. Geta þeirra til athafna er -30° til 50°C og flugþol við bestu aðstæður allt að 50 mínútur í senn.

Tilraunaverkefninu sjálfu er afmarkaður tími til tveggja ára frá því að allri uppsetningu og prófunum er lokið. Á tímabilinu verður haldið utan um gögn er varpa ljósi á notkun á hverjum stað, gagnsemi ásamt tegundum verkefna og fjölda mála. Þá er gert ráð fyrir því að lokamat og skýrsla verði tekin saman að ári liðnu og að tilraunatímabilinu loknu og mat verði lagt á niðurstöður þess og ákvarðanir teknar um framhaldið. Umdæmið okkar er afar víðfemt og víða um langan veg að fara og því ekki úr vegi að í framtíðinni verði löggæslutæki sem þessi nýtt á mun fleiri stöðum.

Þetta er frumkvöðlavinna í löggæslu og leið embættisins til að efla traust á lögreglunni með því að bæta þjónustu sína við íbúa og gesti svæðisins og stuðla þannig að öflugra og öruggara samfélagi. Þá teljum við að þetta verkefni geti skilað þeirri niðurstöðu að unnt sé að auka möguleika lögreglu til þess að hraða málsmeðferð og afla sönnunargagna strax í upphafi máls. Þá metum við það jafnframt svo að tilraunaverkefnið geti jafnvel átt þátt í því að draga úr kolefnisspori lögreglunnar og annarra viðbragðsaðila með betri ákvarðanatöku og stuðlað þannig að skilvirkni í rekstri.

Erindi þetta er nú sent samstarfssveitarfélögunum sex sem hafa lýst yfir vilja til að fjarstýrðum flugdrónum verði komið upp á þeirra svæðum. Óskað er eftir fjárframlagi ofangreindra sex sveitarfélaga annars vegar og hverju um sig sem þátttöku í stofnkostnaði að fjárhæð 2,5 milljónir króna og hins vegar fyrir þann kostnað sem fellur til ef koma þarf rafmagni og netsambandi að staðsetningu dokkanna ef staðarval er utan fasteigna er lögreglan hefur umráð yfir.

Embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra mun sinna allri annarri vinnu við verkefnið, hýsingu og streymi gagna í samráði við ríkislögreglustjóra, þjálfun starfsmanna og mönnun þeirra á vöktum og tryggja samstarf við fjarskiptamiðstöð RLS.

Virðingarfyllt,  
Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri.